

# Hverfisráð Hríseyjar

61. fundur

Mánudagur 7. maí 2012 kl. 20.30 kom Hverfisráð saman til fundar. Fundurinn var haldinn í Hlein.

Á fundinn mættu: Ingimar Ragnarsson formaður, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Júlíus Freyr Theódórsson.

## Dagskrá:

1. Nettenging í eyjunni.  
Ingimar hefur verið í sambandi við Tengi og Símann vegna lélegrar tengingar í eyjunni. Bíðum eftir svari frá Símanum um hvort mögulegt er að fá betri tenginu. Næsta skref er að bíða og hafa samband aftur við Tengi á Akureyri þegar svar frá Símanum berst.
2. Sala fasteigna Akureyrarbæjar í Hrísey.  
Hverfisráð ræddi sölu á íbúðum við Miðbraut. Ráðið lýsir yfir áhyggjum af stöðu leigumarkaðarins í eyjunni.
3. Sundlaug og íþróttahús.  
Umræður um opnunartíma og nýtingu. Ingimar sagði frá samtali við forstöðumann sundlaugarinnar.  
Næsta skref: Ingimar sendir bréf til forstöðumanns og óskar eftir lengri opnun laugarinnar um hvítasunnuna og vitnar í góða mætingu ferðafólks og heimamanna um síðustu hvítasunnuhelgi og um páska þegar fyrirtæki í bænum keyptu opnun.
4. Þyrluflug  
Ósk frá Jökli Bergmann um að fá að lenda þyrlu á svæðinu við sviðið framan við búðina.  
Ráðið samþykkir beiðnina en með þeim fyrirvara að ef kvartanir komi frá íbúum verði málið endurskoðað.
5. Heimsókn borgarstjóra Denver og fylgdarliðs  
Hópurinn er væntanlegur til að skrifa undir vinabæjarsamstarf við Akureyrarbæ. Íbúar hvattir til að flagga og taka vel á móti gestunum.
6. Akstur við skóla og íþróttahús.  
Hverfisráð vill áréttta að allur akstur að Hríseyjarskóla og að íþróttahúsinu er óheimill. Tilmæli til íbúa að virða þá reglu. Setja áréttingu þess efnis á heimasíðu.
7. Umræður um vinnuskólann í Hrísey. Hver er staðan? Flokksstjóri? Aldur ?  
Næsta skref : Ingimar hefur samband við Akureyrarbæ og aflar upplýsinga.
8. Framkvæmdamiðstöð hefur næstum lokið við að setja upp vegvísa um þorpið.  
Lýsum yfir ánægju með verkið.
9. Hreinsunardagur  
Fyrirhugaður 26. maí nk. Ætlum að fá sumarhúsaeygendur í lið með okkur.

Dagskrá hefst klukkan 10:00 og líkur með grilli.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21.45

Ingimar Ragnarsson  
Ingibjörg Guðmundsdóttir  
Júlíus Freyr Theódórsson

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Ingibjörgu Guðmundsdóttur

bls. 2

Fundargerð Hverfisráðs Hríseyjar

dags. 9. maí 2012